

# Stafræn tækni til að bæta öryggi sjúklinga

Innleiðing á nýjum byltuvarnarbúnaði á endurhæfingardeild;  
tilgangur, undirbúningur og væntingar.

Guðrún Bragadóttir, hjúkrunardeildarstjóri endurhæfingardeildar Landspítala, Grensási  
[gudbraga@landspitali.is](mailto:gudbraga@landspitali.is)

# Grunnur verkefnisins

- Frjór jarðvegur
- Viðbygging við Grensás væntanleg
- Meðferðarkjarni rís
- Ákjósanlegt prufuumhverfi
- Framsýnt starfsfólk

## Grensás

- Endurhæfingardeild Landspítala
- Fjölmargar starfsstéttir
- Sjúklingar allt frá stálpuðum unglingum að fólki um áttætt
- Algengar ástæður endurhæfingar eru heilablóðföll, mænuskaðar, aflimanir, fjöläverkar...
- Meðallegutími um 50 dagar, mjög breið spönn

## Grensás, húsakostur og framkvæmdir

- Núverandi húsnæði er frá 1973
- Staðsett í byggingu við Álmgerði, 108 Reykjavík.
- Húsið var byggt sem hjúkrunarheimili en aldrei notað sem slíkt
- Ein- og tvíbýli, allt að 25 sjúklingar inniliggjandi
- Framkvæmdir við viðbyggingu í fullum gangi, þær hófust í október 2023
- Afhending í desember 2026 og áætlað að taka viðbyggingu í notkun fyrri hluta 2027!

# Grensás, fyrir breytingar



# Hátíðardagur! Fyrsta skóflustunga að viðbyggingu Grensásdeildar!

október 6, 2023



Hátíðardagur! Fyrsta skóflustunga að viðbyggingu Grensásdeildar!

Fjöldi gesta samfagnaði þann 5.október 2023 þegar fyrsta skóflustunga var tekin að viðbyggingu Grensásdeildar. Byggingin verður 4.400m<sup>2</sup> og sérhönnuð fyrir þarfir endurhæfingar. Gamla húsinu var upphaflega ætlað að vera dvalarheimili og því ekki sniðið að þeirri starfsemi sem það hýsti í 50 ár.

Nú verður mikil breyting á, því nýja byggingin er sérhönnuð að þörfum endurhæfingar. Hún verður björt og rúmgóð, og rúmar fyrirferðarmikil tæki sjúkraþjáfunar sem ekki hafa komist fyrir í gamla húsinu. Góð aðstaða verður til allrar þjálfunar.

Herbergi á legudeild verða einbýli með snyrtingu og allan nauðsynlegan búnað. Vandað er til almannarýma, nýr matsalur verður og aðstaða til að njóta útiveru.

Hollvinir fagna innilega þessum mikilvæga áfanga.

## Viðbygging

- Legurými á annarri hæð, 19 einbýli með salernum
- Glæsilegt og mun stærra þjálfunarrými fyrir sjúkra- og iðjupjálfun
- Önnur starfsemi áfram í eldra húsnæði, sem þarf að breyta og bæta til að nýtist sem best
  - Dag- og göngudeild, talmeinafræðingar, félagsráðgjafar, sálfræðingar, taugasálfræðingar, skrifstofur, fundaraðstaða o.fl.

# Gamla húsið til hægri - viðbyggingin til vinstri og baka til



# Viðbyggingin



## Sjúkrastofa



Eftir sömu arkitekta (Nordic Office Architecture) á endurhæfingarspítala í Glostrup, Danmörku

## Byltuvarnarkerfið

- Teton.ai er danskt fyrirtæki sem hóf að hanna lausnina árið 2020
- Notað í nokkrum löndum – Danmörku, Sviss, Bretlandi og Bandaríkjunum
- Byggir á háþróaðri gervigreind
- Miðar að því að auka skilvirkni og bæta umönnun
- Rauntímaeftirlit með sjúklingum, þar sem kerfið getur fylgst með breytingum á virkni sjúklinga, greint fall og svefn
  - Myndbönd 15 sek fyrir og eftir byltu
  - Gervigreindarstofugangur til að fylgjast með svefni og hvíld
- Gögn eru ópersónugreinanleg og unnin á staðnum

# Tilgangur verkefnisins

- Að auka öryggi sjúklinga
- Að fækka byltum
  - Byltur eru algengustu atvikin
  - Afleiðingar geta verið dýrkeyptar
- Prófa nýja snjalltækni
  - Virkar þetta í raun?
  - Hvernig er þetta kerfi í samanburði við annað?
  - Getur þetta dregið úr mannaflapörf?
  - Eru einhverjir kostir sem koma seinna í ljós? Eða gallar?

# Verkefnið

- Landspítali er stór og stjórnkerfið eftir því
- Miðlægur verkefnastjóri kom að verkefninu þegar verið var að tengja alla saman
  - Stjórnendur á sviðinu
  - Stjórnendur á deild
  - Tæknifólk frá Landspítala
  - Starfsfólk umboðsfyrirtækisins
  - Samband við aðra eftir þörfum, s.s. lögfræðinga
- Fara þurfti nokkrar umferðir í útlistun á samningum, umfangi, prófunartíma o.fl.
- Ljóst að byltuvarnarkerfi mun fara í útboð þegar kemur að innleiðingu á stærri skala, án prufutíma
- Kerfið verður prófað í hálft ár og staðan tekin þá

What is the staff able to see?



Lying on floor



Sitting on floor



Kneels



Standing up



Sitting on bed edge



Lying in bed



Sitting in chair



Sitting up in bed



Bathroom



Hallway





# Í tvíbýli



# Í einbýli



## Staðan í dag

- Búið er að setja upp kerfið á öllum stofum
- Verið er að afla grunngagna, svo kerfið geti lesið umhverfið
- Búnir eru tveir almennir kynningarfundir fyrir allt starfsfólk á Grensási
- Einstaklingsbundin kennsla til starfsmanna deildar verður fyrri hluta mars – og þá hefst reynslutíminn

# Áskoranir

- Um ár liðið frá því hugmyndinni var varpað fram
  - Kerfið er flókið, margir koma að borðinu
- Ákvarðanataka
  - Að fá fara út í verkefni sem þetta
- Lagaumhverfið
  - Persónuvernd og samningagerð
- Peningamálin
  - Verður fjárhagslegur ávinningur?
- Innleiðingaáætlun, kynningar og kennsla
  - Tekur tíma og mannafla, sem ekki er of mikið af í okkar umhverfi

# Væntingar

- Að kerfið auki öryggi sjúklinga
- Að byltum fækki
- Að sjúklingar hvílist betur
- Að sjúklingar tjái ánægju
- Að heilt yfir aukist gæði og öryggi þeirra sem á deildinni eru
- Að gott verði að vinna með kerfið
- Að starfsmenn upplifi ánægju með kerfið
- Að kostnaður minnki vegna byltna, þörf fyrir yfirsetu og starfsfólks, sérstaklega að nóttu til

## Að lokum

- Við þurfum að taka þátt notkun nýrra lausna
- Innleiðing er krefjandi ferli, þrátt fyrir væntan ávinning af nýju verklagi
- Eftirfylgni tekur tíma, mesta áskorunin er breytingastjórnun í tengslum við nýtt verklag!
- Gott að finna fyrir jákvæðum móttökum hjá bæði starfsmönnum og skjólstæðingum
- Ánægjulegt er að fá að taka þátt í nýsköpun og frumkvöðlastarfi!